

Skógarvörðurinn á Austurlandi

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1979

Jón Loftsson %

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1979.

### 1. Veðurfar ársins.

Páll Guttormsson skrifar eftirfarandi tíðarfarsyfirlit um árið 1979 fyrir Hallormsstað:

#### 1.1.

Mánuðina janúar, febrúar og mars, var áttin norðlæg, norð-vestlæg og vestlæg, að undanteknum 14. og 15. janúar er hún var austlæg. Og 15. - 25. febrúar er hún var suðlæg. Dagana 14. og 15. jan. var úrfellið samtals 54 mm. Og frá 16. - 22. febrúar var það liðlega 100 mm. Svo að vatnið var þá orðið nægilegt til að raforkuver hér austanlands skiluðu fullum afköstum. 26. janúar lokaðist Lagarfljót, snjór á jörð var lengst af 30 cm í janúar, 20 - 30 cm í febrúar og 7 - 16 cm í mars.

Meðalhiti fyrstu 3 mánuði ársins er hinn lægsti síðan mælingar byrjuðu. En veturinn í heild frá desember byrjun er álíka kaldur og 1966. Mjög mikið vetrarríki var til 16. apríl. En frá 17. - 28. apríl var meðalhitinn 3.0.

Þá daga var að jafnaði hægviðri og flesta dagana dálítið sólskin. Snjóinn tók þá upp til 80 m yfir sjó.

25. apríl byrjaði ungt lerki örlítið að sprengja brumhlífar. Frá því síðustu 2 dagana í apríl til 20. maí var meðalhitinn - 2.8. Mest frost var í maí þann 9., -9.1. Frá 21. - 29. maí var meðalhitinn 1,8. Og síðustu 2 dagana í maí 7.7. Fyrstu 6 dagana í maí var n-vestanátt, eftir það lengst af n-austanátt, en síðustu 2 dagana sunnanátt.

22. maí fór ísinn úr Lagarfljóti, 25. maí byrjaði að koma vorgróður, en síðasta maí byrjuðu tré að springa út og ræktað land að grænka, þann dag var hámarkshitinn 11.5 og vorhlýindi að byrja. Héldust hlýindi til 21. júní. Meðalhitinn frá 1. - 21. júní var 10.2. Algengust var þá suðlæg og austlæg átt. Fylgdu þeim áttum gróðrarskúrir, er kom fram um miðjan mánuð. Sprungu þá tré óðum út og vorblóm byrjuðu að spretta. Var lerki útsprungið 10. júní og birkiskógurinn 17.

Frostið er náði mest 30 cm þykkt í skóginum í vetur fór um 20. júní. Frá 22. - 29. júní var meðalhitinn 7.1. Fór gróðri mjög hægt fram þá daga, því að mjög svalt var þá viku og kalt á nóttunni. 30. júní hlýnaði og var meðalhitinn 10.0 frá 30. júní til 11. júlí. Vaxtartíð var mjög góð fyrri hluta júlímánaðar því rigning var alveg nægileg og áttin suðlæg.

Frá 7. - 10. júlí byrjuðu yngri barrtrén að mynda ársprotta. Og með meiri hraða þau er hafa vaxið vel undanfarin ár.

Útjörð varð algræn 9. júlí. Kornir voru 10 cm ársprottar á lerki 14. júlí. En svo brá til kaldari veðráttu 12. júlí. Var meðalhitinn 8.4 til 29. júlí. En úrfelli var nægilegt í mánuðinum fyrir gróðurinn. Þann 16. júlí var 3.8 mm rigning

og 4 daga í þeirri viku, var dálítil rigning. Í mánuðinum var aldrei hvasst og mjög oft hægviðri. Og sól var, sem um munaði í 18 daga. Eftir 12. júlí var hiti í 5 nætur 0 - 2 við jörð.

Tegundirnar hvítgreni, sitkagreni, lerki og að nokkru leyti stafafura uxu jafnt og fremur vel í júlí, einnig ung lauftré. Aftur var vöxtur ungrar broddfuru í gróðursetningum nærri enginn. Sumstaðar var allgóður vöxtur í rauðgreni gróðursetningum, en mjög svæðisbundið. En í yngstu stafafuru gróðursetningunum var hann lítill. Blómjurtur er blómgast að jafnaði snemma í júlí, blómgust 14 - 17 dögum seinna en í meðalári. Frá 31. júlí til 2. ágúst var meðalhitinn 5,8 var þá daga kvöldgola af norðaustri og loftið fremur þurr. Stóð allur gróður í stað þá daga. Kom þá kyrkingur í berjavísira og hníðisaldin.

Frá 3. - 19. ágúst var meðalhitinn 9,8 . Og 8,4 mm rigning þann 7. Á þeim tíma var um 90 klst sólskin. Bætti þá trjágróður við sig um 1/3 af sumarvexti. Og ungur birkiskógur náði um 22 - 28 cm ársprotu.

Frá 20. ágúst - 14. september var meðalhitinn 5,8 En lágsta hitastig við jörð til mánaðarmóta ágúst - september var 1,7 Og tiltölulega lítill munur á hita á nóttu og degi.

Sólskin var mjög lítið. Var vöxtur jurta lítill sem enginn síðast í ágúst. Það rigndi 40 mm frá 1. - 6. september, en svo var sólskin ásamt hlýindum frá 6. - 11. 15. september var fyrsta frostnóttin. Voru tré þá búin að búa sig nokkuð vel undir vetur. T.d. sprotar og brum aspar, reynis og víðis í græðireitnum. Og efstu brum lerkitrjána þroskuðust furðu vel, þótt efsti hluti sprotans sé all víða fremur grannur. Um mánaðarmótin ágúst/september voru kartöflur í görðum að jarðarberjastærð. En þær stærstu í útsæðisstærð er grasið féll 15. september.

Reyniber náðu ekki að mynda fræhvítu. Bláber urðu blá 24. sept. en náðu tæplega 1/2 meðalstærð. Eftir 15. sept. voru nokkrar frostnætur í mánuðinum, mest 2,7 í mælaskipti þann 29. Það voru samfelld hlýindi frá 30. sept til 12. okt. var sölnun lauftrjáa og lerkis hæg í góðu tíðinni í mánuðinum. Dagana 1. - 4. október var hámarkshitinn 10. - 13. Náðu lúsarmulningar þá daga fullum þroska. Og greni bætti þá daga lit sinn. Að lokinni landátt og hægviðri frá 13.-20. okt., færðist vindur til s-austurs og suðurs. Fylgdi sunnanáttinni hlýindi með mikilli rigningu. Brúnir fjallanna austan við Fljótsdal voru orðnar snjólausar eftir 4 daga. Eftir að rigningin hafði varað í 5 daga, féll fram aurskriða að kvöldi m.d. 21. okt. er tók sig upp ofarlega ( rétt neðan við brúnina) í Víðivallahálsi. Tók skriðan með sér skóg á 300 m breiðu beltí í Víðivallaskógi.

Frá 6. - 12. nóv. var frostkaflí. Mest frost var 11,4 aðfaranótt 9. Kom í mánuðinum 12 cm þykkt frost í jörð í skóginum. Þann 4. og einnig 10. nóv. hvessti af norðvestan og stóð nálægt því 3 klst á hvasviðrinu í hvort skipti. Í desember skiptist á suðlæg og suðaustlæg átt ásamt 7 dögum er var hægviðri. Fylgdi s-austanáttinni mikil rigning og er það hið algengasta með þeirri átt að vetrarlagi hér. Hitinn 20. des. er með hæsta hita um þetta leyti árs.

TAFLA I.

Meðalhiti, úrkoma og sól frá 1941 til 1978.

<u>Mánuðir</u>	<u>Hiti</u>	<u>Úrkoma</u>	<u>Sól í klst.</u>
Janúar	- 1.4	108.1	0.4
Febrúar	- 1.2	70.4	28.2
Mars	- 0.3	53.1	82.7
Apríl	1.6	40.5	136.9
Mai	5.4	24.5	179.4
Júní	9.0	30.0	180.7
Júlí	10.8	40.7	181.6
Agúst	9.9	40.2	139.2
September	7.0	50.3	94.7
Oktober	4.2	65.5	50.7
Nóvember	0.8	74.9	7.3
Desember	- 1.0	87.8	

1.2.

TAFLA II

Hita, úrkomu og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1979.

Mán- uður	Hitastig C		Úrkoma mm		Sólskinsstundir	
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi
Janúar	- 6.0	- 5.6	69.4	- 38.7	1.8	1.4
Febr.	- 1.8	- 0.6	117.7	47.3	33.1	4.9
Mars	- 6.3	- 6.0	10.3	- 52.8	20.1	37.4
Apríl	0.2	- 1.4	44.4	3.9	84.6	-52.3
Mai	- 0.7	- 6.7	22.9	- 1.6	136.7	-42.7
Júní	9.4	0.4	26.1	- 3.9	171.7	- 9.0
Júlí	9.0	- 1.8	19.7	- 30.6	145.7	-35.9
Agúst	8.7	- 1.2	32.9	- 7.3	111.2	-28.0
Sept.	4.2	- 3.7	66.9	16.6	64.7	-30.0
Okt.	4.4	0.2	136.4	70.9	30.9	-20.2
Nóv.	- 0.4	- 2.2	96.4	21.5	2.7	- 4.6
Des.	- 0.1	0.9	153.3	65.5		

1.3.

TAFLA III

Frostnætur við jörð og í mælaskýli

10. maí til 20. september 1979

Mánuður	Dagur	Við jörð	Í mælaskýli
Maí	10	- 4.7	- 3.9
-	11	- 2.7	- 2.6
-	12	- 4.5	- 3.6
-	13	- 3.2	- 2.3
-	14	- 2.8	- 2.7
-	15	- 2.1	- 1.8
-	16	- 3.7	- 3.3
-	17	- 3.5	- 3.5
-	18	- 7.8	- 7.1
-	19	- 12.9	- 10.4
-	20	- 9.8	- 8.1
-	21	- 2.1	- 1.0
-	22	- 1.2	- 0.2
-	23	- 0.2	0.3
-	25	- 0.1	0.5
-	26	- 0.2	- 0.1
-	27	- 0.5	- 0.2
-	28	- 1.0	- 0.6
-	29	- 0.6	- 0.7
-	30	- 2.7	- 0.6
-	31	- 1.5	1.0
Júní	15	- 3.1	- 2.2
-	25	- 2.3	3.7
-	26	- 2.5	0.9
Júlí	14	- 1.3	2.4
-	23	- 0.7	2.5
Ágúst	6	- 2.4	2.3
-	10	- 0.1	4.5
-	13	- 0.1	4.7
Sept.	9	- 2.6	2.0
-	10	- 2.8	1.8
-	13	- 0.5	0.3
-	14	- 3.0	0.2
-	15	- 7.4	- 3.2
-	19	- 1.4	0.0
-	20	- 2.0	- 0.3

Mesta frost að vetrinum:

Í Janúar: 12. - 20.0

" Mars: 21 - 19.1

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

2.1. Laufgun og lauffall í Hallormsstaðarskógi 1979.

<u>Dagsetn.</u>	<u>Laufgun.</u>
Júní 17	Birkiskógurinn laufgaðist.
- 12	Birki gróðursett ættað úr Bæjarstaðaskógi.
Júní 11	Láglandsbirki gróðursett, frá Tammerfoss, Finnland.
- 13	" " " Storhoven, Noregi
- 17	" " " Rognan, Noregi.
- 17	Íslensk ösp gróðursett, frá Gestsstöðum
- 20	" " " Garði
- 20	" " " Egilsstöðum
- 12	Alaskaösp " venjuleg
- 12	" " " Valdez
- 16	" " " Copper-riverdelta
-	
	Barrtré byrjuðu að bæta við lengd ársprotans, þar á meðal lerki varð fullútsprungið.
- 9	Lerki Irkutsk
- 10	" Hakaskoja
- 10	" Senkursk
- 10	" Arkangelsk
- 10	" Altai
- 10	" Raivola
- 10	" Gróðursett 1922
- 15	" Úr Miðevrópu
Júlí 3	Fjallapínur
- 4	Sitkagreni Seward
- 8	Sitkagreni Cordova
- 2	Hvítgreni
- 2	Douglasgreni
- 1	Stafafura
- 7	Rauðgreni Vefsen
- 9	Rauðgreni Umeå
- 7	Blágreni frá 1905
- 1	Blágreni, unglöntur í græðireit.
- 6	Broddgreni, unglöntur í græðireit.
Okt. 8	<u>Lauffall</u>
- 8	Birkiskógurinn
- 15	Láglandsbirki
- 16	Gróðursett birki úr Bæjarstaðaskógi
- 14	Alaskaösp
- 10	Íslensk ösp
- 19	Lerki Larix Siberica
- 21	Lerki Altai
Nóv. 9	Miðevrópulerki

## 2.2. Vöxtur.

Þegar á heildina er litið var vöxtur undir meðallagi, enda sumarið óvenjulega kalt, þó má gera ráð fyrir því að þetta komi ekki fram fyrr en næsta sumar.

## 2.3. Fræfall.

Ekkert var safnað af fræi þar sem það hafði náð litlum þroska á þessu kalda sumri, sem dæmi ná nefna að rifsber náðu ekki að roðna hvað þá meir.

## 2.4. Skaðar.

Haustfrost komu óvenjusnemma og vegna hins kalda sumars voru ársprotar illa þroskaðir og mátti sjá verulega skaða á ungu lerki, en þetta mun þó væntanlega koma betur í ljós næsta vor. Í græðireitnum urðu miklar skemmdir og sömu sögu er að segja af gróðursetningu sumarsins. Allt hjálpaðist að, fyrsta skipti sem við notuðum nýju frystigeymslurnar, voraði seint, útplöntun dróst því úr hófi fram og þar af leiðandi fengu plönturnar óvenju stuttan vaxtartíma og eyðilögðust því í haustfrostunum.

### 2.4.5.

Þess má geta hér að sauðfé gerði mikinn ursla í gróðursetningarstykkjum (birki, lerki) í nýju Ásagirðingunni. Var þetta tilfinnanlegt tjón. Girðinguna tel ég vera í lagi en það kom fyrir oftast en einu sinni að hliðið við Skjögrastaði hafði verið skilið eftir opið.

## 3. Starfsfólk.

Seinni hluta júnímánaðar varð flest starfsfólk í vinnu á Hallormsstað, samtals 31 á launaskrá. Frá áramótum til vors störfuðu 9 manns að jafnaði í skóginum en frá sept. til jóla að jafnaði 12 manns.

Yngvi Sindrason, garðyrkjumaður kom seinni part í apríl, sá hann um og hafði með höndum verkstjórn í gróðrarstöðinni þangað til hann fór til Reykjavíkur í byrjun október.

Skúli Björnsson sá um gróðursetningu að þessu sinni.

Sigvaldi Ásgeirsson var hér við kortagerð í mánaðartíma frá miðjum júlí.

## 4. Girðingar.

### 4.1. Viðhald.

Mjög lítið viðhald var að þessu sinni á skógargirðingunni á Hallormsstað. En aftur á móti var eins og venja er til mikið sem þurfti að gera við Jórvíkurgirðinguna, Ingólfur Rúnarsson á Innri-Kleif sá alfarið um það verk.

#### 4.2.. Nýjar girðingar.

Um miðjan september var hafist handa við að girða af Hafursárlandið, langbráð takmark. Sóttist verkið vel en hagstætt tíðarfar gerði að hægt var að vinna fram í miðjan nóvember. Var þá lokið við mest alla ýtuvinnu, en hún var á köflum mikil, búið að ganga frá flestum hornum og sigum og staura um helming girðingarinnar, sem mér telst til að verði um 2.4 km á lengd. Girðingarstæðið er frá Hafursárgili á sléttunni undir Grindarmúla framhá Hafursárseli og niður í túngirðingu á Freyshólum.

Vinnulaun við þennan hluta verksins voru: 1.879.144.

Þetta var notað af efni:

26 hornastaurar  
180 sverir staurar  
24 grannir staurar  
50 járnstaurar  
8 gaddavírsrúllur  
2 sigavírsrúllur

#### 5. Skógarhögg.

##### 5.1. Viður.

Á árinu féllu ca 80 tonn af viði. Skógarhögg hófst í byrjun febrúar og stóð það meira og minna í 2 mánuði, að vísu var unnið við stauragerð og birkingu jafnhliða. Seinast í í september var tekin smá skorpa, þessi svæði voru grisjuð:

1. Lerkiteigar í Vörðuhrauni, birkiskermur fjarlægður.
2. Lerkiteigur neðan Þjóðvegur innan við Atlavíkurbíla-planid. Birkiskermur fjarlægður.
3. Hvítgreniteigur innan við Atlavíkurlæk ofan Selvegar, fjarlægður birkiskermur.
4. Ofan við hvítgrenið hjá Atlavíkurlæk, grisjað fyrir gróðursetningu.
5. Raivolalerki gróðursett 56 inn af Atlavíkurstekk.
6. Hvítgæniteigurinn við Atlavíkurstekk.

##### TAFLA IV

#### Sala girðingarstaura á Hallormsstað 1979.

Stærð og tegund	Fúavarðir og yddir
<u>Lerki:</u>	
B II	493
BIII	278
Hornstaurar	53
<u>Birki:</u>	
B II	800

B III	438
B IV	170
<hr/>	
Alls	2.232

TAFLA V

Viðarsala á Hallormsstað 1979

Arinviður 176 pokar	6.160 kg
Efniviður til smíða, birki	2.813 kg
Efniviður til smíða, lerki	181 kg
Eldiviður kurlaður	<u>4.000 kg</u>
Alls	<u>13.094 kg</u>

5.2. Jólatré.

Felld voru 1385 jólatré og 244 greinar. Tafla VI sýnir hvernig jólatrén skiptust eftir stærðarflokkum. Byrjað var að fella jólatrén 23. nóvember og lauk afgreiðslu og útkeyrslu 21. desember. Gekk þetta allt eins og í sögu og miklu munaði um að ég gat fengið lánaðan vörubíl sem flutti trén niður á firði. Kom það í ljós núna eins og í plöntusölnunni um vorið að vörubíll er orðinn afar nauðsynlegt tæki hér á staðnum. Að þessu sinni var liturinn á trjánnum ekki nógu góður, og kvörtuðu menn dálítið yfir þessu og eins lélegri barrheldni.

TAFLA VI

Sala jólatrjáa og greina, Hallormsstað 1979.

Trjátegund:	Stærðarflokkar												Alls	Gr. tré kg
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	12.			
Rauðgreni	229	321	356	218	64	19	5	10	9		1	1232		
Sitkagreni						1	1	1		3	1	8		
Stafafura		4	14	6	1	2						27	244	
Broddgreni	11	23	21	12	8	2	3	1				81		
Fjallapínur	4	11										15		
Broddfura		3										3		
<hr/>														
Alls	244	351	402	236	73	24	9	12	9	3	2	1385	244	

Vinnukostnaður við jólatré varð að þessu sinni: kr. 1.877.035.

## 6. Gróðrars töð.

### 6.1. Fræplöntur.

Plasthúsin voru sett upp í kring um 20. apríl og var ætlunin að sá snemma að þessu sinni. Því miður barst fræið ekki fyrr en um mánaðarmót maí/júní og var því sáð strax. Hið kalda og sólarlitla sumar hafði þau áhrif að plönturnar voru óvenjulitlar en var samt tekin sú ákvörðun að taka þær upp um haustið, og ætlunin er að rúlla allra minnstu plöntunum en dreifsetja afganginn.

### 6.2. Dreifplöntur.

Dreifsett voru rúmlega 280.000 plöntur. Því miður eigum við von á að mikill hluti þeirra fari forgörðum og kemur þar margt til.

Eitt kaldasta vor sem um getur, var byrjað að dreifsetja 8. júní en urðum frá að hverfa sakir klaka og var ekki komin á fullt skrið fyrr en um miðjan mánuðin og stóð allar götur fram til 20. júlí.

Fyrsta skipti sem allar dreifsetningarplöntur koma af frysti og þegar það gerist jafn seint og raun bar vitni varð vaxartíminn alltof stuttur. Plönturnar fóru vel af stað en þegar haustfrost komu snemma kólu allir sprotar og verður væntanlega ómurlegt yfir að líta næsta vor.

Þess má geta hér að við reyndum ný dreifsetningarbretti sem við höfðum smíðað að skoskri fyrirmynd. Var það gert þar sem mikill hluti af dreifsetningarplöntunum voru það smáar plöntur að þær tolldu ekki í hinum hefðbundnu gúmfeskingum Brettin virka þannig: plöntum er raðað á bretti í þar til gerðum bekk, fjöl á hjörum legst að plöntunum og klemmir þær fastar. Brettið er síðan lagt við rásina sem búið er að gera, raðað að og þjappað áður en fjölin er losuð. Ýmsir byrjunarörðugleikar komu í ljós, en í heild vorum við ánægð með árangurinn.

#### Kostir:

1. Þægilegri vinnuaðstaða, staðið er uppréttur við borð þegar plöntunum er raðað í brettið.
2. Minni þjöppun í beðinu sjálfu.
3. Plönturnar varðar fyrir sól í skýli.
4. Engar plöntur dragast niður þegar stigið er að.

#### Ökostir:

1. Minni afköst.
2. Erfiðara að halda röðunum beinum.

### 6.3. Garðplöntur.

Að þessu sinni gekk garðplöntusalan mjög vel og það þrátt fyrir hið óhagstæða tíðafar og þá staðreynd að við byrjuðum seint. Vil ég þakka það að mestu, nýrri sölu- og dreifingar-

aðferð. Í stutu máli. Um vorið höfðum við útbúið pöntunarlista sem sendur var til umboðsmanna víðs vegar um Austurland, sem sáu um dreifingu listanna. Umboðsmenn sáu síðan um að safna þeim saman og draga saman í eina stóra pöntun sem þeir síðan hringðu hingað. Við tókum á leigu vörubifreið og keyptum á hana yfirbyggingu og fórum síðan á auglýstum dögum með stóru pöntunina og ýmislegt fleira og seldum úr bílnum. Höfðum við hliðsjón af pöntunarlistunum sem lágu hjá umboðsmönnum og allt var gegn staðgreiðslu. Það gekk að vísu á ýmsu þar sem tíminn var knappur og færð á vegum ekkert of góð, en þessi fyrsta tilraun tókst framur öllum vonum og efst á óskalistanum fyrir næsta vor er eigin vörubifreið, sem ég er sannfærður um að muni borga sig fljótt. Viðskiptavinirnir voru mjög ánægðir, höfðum við nú t.d. tækifæri til að hafa með umframmagn og fleiri tegundir sem fólk gat þá séð með eigin augum. Þetta gerði það að verkum að á mörgum stöðum var salan tvöföld borið saman við pöntun. Dreifsetning, stiklingastunga og pottun gekk vel, en vöxtur var lífyll og hætta á að mikið kal komi í ljós í vor.

#### 6.4. Afhending skógarplantna.

Upptaka hófst 6. október og stóð til 8. nóvember. Var þá búið að sortera, búnta, pakka og ganga frá bæði skógar- og dreifsetningarlöntum á frysti.

#### 6.6. Nýframkvæmdir.

Keypt var Handi úðadæla 300 l sem tengd er á dráttarvél. Áburðarblandara fengum við líka og er hann staðsettur í báruplasthúsinu og tengdur inn á lagnirnar í hin plasthúsin, þannig að hægt er að áburðarvökva hvert hús fyrir sig. Keypt var ný vatnsleiðsla í aðfærslulögn fyrir græðireitinn, er það 3" Reykjalundarrör um 800 m á lengd. Inntakið er um 25 m hærra en gamla leiðslan var og gerum við ráð fyrir að fá nægilegan þrýsting og vatnsmagn til að geta sett upp fullkomið vökvunarkerfi fyrir allan reitinn, helst á næsta ári.

#### 6.8. Kostnaður.

0430	Gróðrarstöð ósundurl.	542.891.
0431	Gróðrarstöð verkstjórn	1.341.931.
0451	Ræktun skógarplantna	3.355.176.
0452	Hreinsun Skógarplantna	1.681.460.
0454	Ræktun garðplantna	6.626.597.
0456	Jarðarbætur	410.555.
0457	Vetrarumbúnaður	2.149.246.
0458	Jarðefnavinnsla	305.600.
0459	Afgreiðsla	1.372.956.
0475	Umhverfi	<u>1.329.875.</u>

Alls 19.116.287.

### 6.9. Sala án söluskatts.

6.9.1. Skógarplöntur	3.580.500.
6.9.2. Garðplöntur	10.796.441.
6.9.3. Skógarplöntur til eigin nota ca	11.000.000.

### 7. Gróðursetning.

Plöntun á Hallormsstað, Ásum og Mjóanesi varð 119.200 meiri en mörg undanfarin ár. Það var því óheppilegt að það skyldi fara saman við kaldasta ár á öldinni, og er sennilega stór hluti þessara plantna ónýtur. Gróðursetning hófst 15. júní og stóð allar götur til 20. júlí. Plönturnar komu af frysti og eins og veðráttan var mátti segja að þær væru í kæli þegar út var komið. Þær fóru því seint að vaxa og sprotarnir eyðilögðust um haustið, þar sem haustfrost komu snemma. Einnig er hugsanlegt að sú aðferð að þýða plönturnar í köldu rennandi vatni sé ekki heppileg, betra að þýða þær í nokkra daga á kæli, gjarnan fyrr á vorin, og slá þeim síðan niður í reitnum. Það má telja til tíðinda að á þessu vori var byrjað að gróðursetja í Ásagirðinguna í einhverju mæli, en um helmingur útsettra plantna á þessu ári var settur í landið innan og ofan við Sólheimaréttina. Láta mun nærri að 15-20 ha lands, það land sem blasir við augum innan við Sólheimahlíðið sé fullplantað. Nokkur síðsumarplöntun fór fram, en það voru Norðmenn í skiptiferð sem það gerðu. Var það aðallega birki sem gróðursett var í Ásum. Sjá töflu um gróðursetningu bls. 11 b.

### 8. Hirðingplantna.

Páll Guttormsson vann að kjarrhreinsun mikinn hluta ársins, og fór hann yfir plöntuteiga sem hér segir:

1. Í skóginum fyrir innan Hallormsstað: Lerkigróðursetningu upp með Jökullæk, fyrir neðan stóru rauðgrenitrén, blágreni fyrir utan Atlavík, fyrir ofan Þjóðveg, þöllina neðan við Timburflöt og hinar ýmsu kvæmagróðursetningar í Stóraskógi.
2. Í Hólum: Miðevrópugróðursetn. Grábunden í Framhólum og rauðgreni inn af Biskipsbotni.
3. Lýsishóll: Hvítgreni og Sitkagrenigróðursetn. inn af Fálkakletti.
4. Í Þartinum: Stafafuru og lerkisgróðursetningu upp af Bergsbás, Stafafurugróðursetningu innanlega í Mylluhvammi.

### 9. Byggingar.

#### 9.1. Skemma.

Á þessu ári var lokið við skemmuna að mestu leiti, enda

Gróðurseining Hallormsstöð 1979

Tegund	Kvæmi	nr.	aldur	Ásar	Mjóanes	VUN	SUR	Mörk	Alls
SL	Altai	894	2/2	24.100 ✓	2.200				26.300
SL	Altai	875	2/2	14.350 ✓		2.150			14.350
BG	Park Cont.	717	2/5/3			280			2.150
BG	Hall.	742	2/3/3			4.205			280
BG	Hgw Sum.	825	3/4			750			4.205
BG	Alberta	824	2/2			6.330 ✓			750
HG	Moose P.	581	2/4		3.410	1.000 ✓			9.740
HG	Kenai	818 ✓	2/4		7.000				8.000
HG	Seward	819	2/3		5.000				5.000
SG	Homer	712		4.825 ✓	475				5.300
SG	Homer	758	3/3	4.425 ✓					4.425
SG	Homer	799	2/3/3			820			820
HG <i>Hvítar.</i>	Kenai	857 ✓	3/3 2/3 ?		2.050	200 ✓			2.250
RG	Ringsaker	761	2/3				6.175		6.175
RG	Hennes	805	3/3				500		500
Birki	Hálsar	809	1/2	655					655
Birki	Hofskógur			625					625
Birki	Stafafell			200					200
Birki	Hálsar	843	1/1	6.950					6.950
Birki	Hálsar	843	1/1	5.600 (rúllur)					5.600
Birki	Hrafnsgerð	950	1/1	6.300 (rúllur)					6.300
Birki		800		540					540
Birki		949		7.420					7.420
Elri				530					530
FP	Skegway	780	2/3/3					835	835
				67.270	28.910 ✓	16.210	6.675	835	119.900. ✓

4) Allt Norkar. kennd 887 er SALT 1978 (eðlu 73) í 15 m<sup>2</sup>  
 1973 er SALT 1. kennd 818 í 45 m<sup>2</sup> d. r. í 75 3090

unnið við það frá janúar og langt fram í maí. Var nú lokið við að einangra, klæða veggi, ganga frá raflögn, smíða hurð á verkstæði. Og um vorið komu málararnir Stefán Guðmundsson og Guðmundur Stefánsson og máluðu allt að innan. Þá var smíðaður gangur fyrir framan böðin og stigi og stigagangur upp á loftið. Á loftinu voru klædd af og máluð tvö herbergi og tvær geymslur.

### 9.2. Markarhús.

Keyptar voru fullkomnar mótuneytisvélar, eldavél og uppþvottavél. En sakir þess hve seint þær komu um sumarið voru þær ekki settar upp. Er áformað að taka eldhúsið til gagngerar endurnýjunar næsta vetur.

### 9.3. Hallormsstaðarbær.

Lítillega var unnið við bæinn á þessu ári. Byrjað var að einangra loftið ofan við arinstofuna og eins gólfíð undir henni. Mátti strax finna mun, hvað varðar kyndingu. Enda má segja að þetta herbergi hafi verið alveg óeinangrað.

## 10. V é l a r o g v e r k f æ r i.

Snjóblásarinn sem við keyptum um haustið 1978 kom nú í góðar þarfið. Var hann notaður til þess að ryðja stígana þar sem við vorum í skógarhöggi, létti þetta allar ferðir og flutninga til mikilla muna. Skógarspilið var nú reynt í alvöru og gaf það mjög góða raun.

Gamli Rússi U 866 er nú farinn að gefa sig ansi mikið og bræddi hann úr sér á miðju sumri. Var keypt notuð vél sem var sett í. U 866 er nú aðallega notaður hér í skóginum, en er orðinn ansi slitinn.

Í Ford-5000 dráttarvélinni sem hefur staðið sig með ágætum bilaði vökvadælan. Var keypt ný dæla sem fest er framan á vélina miklu öflugri en sú gamla. Nýja dælan er tengd við ámoksturs-tæki og gröfu og er mikill munur hvað hún er öflugri og tækin vinna betur.

## 11. F r a m k v æ m d i r í F l j ó t s d a l.

Engu var plantað í Fljótsdal að þessu sinni. Haldið var áfram með girðinguna á Skriðuklaustri, rutt undir girðingarstæði að neðan á Víðivallagerði girtur 900 m kafli og fullfrágenginn meðfram þjóðveginum á Vallholti. Þá var girt og fullfrágengið 600 m girðing á Gunnlaugsstöðum.

Kostnaður við Fljótsdalsáætlun var: Kr. 1.702.929.

Efni frá Hallormsstað:

Skriðuklaustur	B II 306	B III 78	horn 40
Vallholt	B II 73	"	7
Gunnlaugsstaðir	B II 44	"	6

## 12. Ý m i s l e g t.

### 12.1. Ferðalög og fundarhöld.

18. mars - 3. apríl Starfsmannafundur Skógræktar ríkisins Reykjavík ásamt útréttingum og frágangi á bókhalði.
11. maí Aðalfundur Skógræktarfélags Neskaupsst. rætt um garðplöntusölu og tilhögun. Skoðaði reit félagsins.
5. júní Hélt erindi og sýndi skyggjur hjá nýstofnuðu Garðyrkjufélagi á Egilsstöðum.
16. - 17. júní Farið með plöntur á vörubíl til Vagla og á Akureyri.
13. ágúst Ferð til Reykjavíkur til að vera á lokaþófi Norðmannaheimsóknar.
30. ág. - 4. sept. Ferð í Skagafjörð á aðalfund Skógræktarfélags Íslands haldinn í Varmahlíð.

### 12.2. Ferðafólk.

Ferðamannastraumur var með minna móti, en óblítt veðurfar átti sinn þátt í því. Ólafur Hallgrímsson sá um svæðið eins og undanfarin sumur.

Byrjað var lítillega á framkvæmdum við nýja tjaldstöðið við Þurshöfðavík, gamalt tún sléttað, plægt og herfað.

Einar Sæmundsen, landlagsarkitekt hefur gert tillögu að skipulagi af svæðinu og var unnið samkvæmt því.

Kostnaður við tjaldgæslu og aðra vinnu í Atlavík varð að þessu sinni kr. 921.327, en tekjur 1.446.775.

### 12.3. Gestir skógræktarinnar.

14. - 16. mars Ísleifur Sumarliðason, skógarvörður, tveir starfsmenn hans, þeir Jóhannes Gíslason og Guðni Arnþórsson ásamt Friðgeiri Jónssyni, voru hér í tvo daga að kynna sér skógarhöggvinnu og not á "slebebane" við grisjun. Með þeim í för var Sigurdór Sigurdórsson, blaðamaður á Þjóðviljanum.
18. - 20. apríl Þórarinn Benediktsson og Jón Á Bjarnason komu hér að klippa stiklingaefni af Blágreini.
25. - 28. apríl Hallgrímur Indriðason, Akureyri, að klippa stiklinga, aðallega Ösp.
25. - 26. júní Gunnar Godwin og frú, í fylgd með Gunnari Finnbogasyni og Höllu Þórhallsdóttur.
3. júlí Hans Blix, utanríkisráðherra Svíþjóðar og frú, í fylgd með Þór Þorbergssyni, tilraunastjóra.
18. júlí Percy Hanson og frú, Walhalla, N-Dak. USA, í fylgd með Hákonni Bjarnasyni og Guðrúnu.
28. júlí. Skandinávar, gestir á vinarbæjarmóti á Egilsstöðum, 32 manns.
2. - 12. ágúst 27 norskir "skogaplantarar" við vinnu, ferðalög og leik.

6. - 9. ágúst Skogopsynet í Troms, unnu tvo daga við kortagerð og skipulagsvinnu í skóginum.  
21. ágúst Dr. Jan Aswell, jarðfræðingur.  
21. ágúst Ole Binder og Bente Olsen frá Danmörku.  
23. ágúst Ólafur Dýrmundsson, landnýtingarráðunautur  
19. sept. Bot Bement og Ólafur Guðmundsson, Rala.  
8. des. Pólski Sendiherrann og frú, í fylgd með Agnari Tryggvasyni.

#### 12.4. Annað.

- A. Jarðýta skógræktarinnar. Jarðýtan var leigð til Vegagerðar ríkisins, fyrst í vinnu á Fjarðarheiði og síðar um haustið við virkjunarvegi á Fljótsdalsheiði. Töluverð ýtuvinna var við girðingarstaði í Fljótsdals-áætlun, á Skriðuklaustri, Víðivallagerði og Vallholti. Þá var rutt undir girðingarstæði nýju Hafursárgirðingarinnar og vegagerð í tengslum við hana.
- B. Norðmannaheimsókn. Að þessu sinni var Norðmannahópurinn sem hér var og starfaði 27 manns. Þetta er að mínu mati of stór hópur og erfitt að nýta sem skildi. Aðalstarfið var plöntun í Ásum, en einnig var unnið við að planta stórum Sitkagrenigaröplöntum í Ormsstaðagrund. Þá var farið yfir töluvert svæði í Stóruvík v/Mjóanes og klipptir tvítoppar og snyrt. Farið var í ferðalög og skoðanaferðir, á Seyðisfjörð, í Fljótsdal, skoðaður Hengifoss og Skriðuklaustur, og að endingu 2ja daga ferð norður í land, hringurinn, Ásbyrgi Húsavík, Mývatn skoðaður. Eg tel að taka verði skiptiferðirnar upp til gagngerrar endurskoðunar og samræmingar milli þeirra aðila sem eiga að taka á móti í hvert skipti:
1. Stærð hópanna 10 - 15 manns.
  2. Áætla hve marga daga á að vinna.
  3. Ferðalög og hversu mikið.
  4. Gera ráð fyrir fjármagni á áætlun.

Að öðru leiti tókst þetta í alla staði vel og var ánægjulegt og er það mitt sjónarmið að ef á annað borð á að halda þessum skiptiferðum áfram, eigi að gera það rausnarlega og undirbúa vel.